

Kassarit:

Kassarit taka saman á myndrænan hátt upplýsingar um dreifingu gilda á tiltekinni breytu, nánar tiltekið lágsta gildið, hæsta gildið og miðgildið ásamt neðri og efri fjórðungamörkum. "Kassinn" sjálfur sýnir neðri og efri fjórðungamörkin (neðri og efri brúnir kassans) ásamt því að miðgildið sker kassann lárétt. Út frá kassanum ganga svo "veiðihárin" í formi lóðréttra lína. Þessar línur ná að efri og neðri mörkum dreifingarinnar sem ekki flokkast sem "útlagar" en útlagar eru í stuttu máli gildi sem liggja langt frá meginþorra þeirra gilda sem dreifingin stendur saman af. Útlagar eru skilgreindir með formúlunum:

$$Q_1 - 1.5 * IQR$$

og

$$Q_3 + 1.5 * IQR$$

Þar sem Q stendur fyrir neðri og efri fjórðungamörk á meðan IQR (Inter Quartile Range) stendur í stuttu máli fyrir breidd "kassans" í ritinu. Ef eitthvert eitt gildi í dreifingunni okkar er ýmist lægra eða hærra en þau neðri og efri mörk sem við setjum okkur með þessum formúlum flokkast það sem útlagi.

Kassarit veita okkur ýmsar góðar upplýsingar um hluti á borð við miðsækni og dreifingu gagnanna okkar, spönn gilda, tilveru útlaga og lögun dreifingarinnar. Þær tölur sem sjá má fyrir ofan og neðan miðgildið í kassaritunum standa annars vegar fyrir fjölda mælinga og hins vegar fyrir meðaltal mælinga.